



Öndunarfærasýkingar


Vika 10

6. – 12. mars 2023


Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir

Inflúensa

Fjöldi tilfella af staðfestri inflúensu er á niðurleið en færri greindust í viku 10 samanborið við undanfarnar fjórar vikur (Mynd 1). Síðari toppur smita var að mestu af stofni B en í heild greindust 26 með staðfesta inflúensu í viku 10. Þar af greindust 23 með inflúensustofn B, tveir með inflúensustofn A(H3) og einn með stofn A(H1) pdm09 (Mynd 2).




Mynd 1. Fjöldi með staðfesta inflúensu eftir vikum í vetur samanborið við meðaltal síðustu fimm flensutímabila (frá hausti 2016). Athuga skal að veturinn 2020–2021 er ekki inni í meðaltali en þá greindist ekkert tilfelli af inflúensu.



Mynd 2. Fjöldi með staðfesta inflúensu eftir vikum og stofnum á núverandi flensútímabili.


Klínískar greiningar inflúensulíkra einkenna voru einnig færri í viku 10 samanborið við undanfarnar fimm vikur (Mynd 3).



Mynd 3. Vikulegur fjöldi með inflúensulík einkennum samanborið við meðalfjölda flensútímabila 2015–2022 að undanskildum vetrinum 2020–2021.

COVID-19 (SARS-CoV-2 veira)


Fjöldi COVID-19 greininga í viku 10 var sá minnsti sem verið hefur þennan veturinn. Alls greindust 40 með staðfesta COVID-19 sýkingu. Fjöldi sýna var 292 og lækkaði hlutfall jákvæðra sýna því einnig (Mynd 4). Eins og greint var frá í [samantekt fyrir viku 9](#) hefur heilsugæslan breytt aðgengi að einkennasýnatökum á landsvísu.



Mynd 4. Fjöldi COVID-19 greininga og hlutfall jákvæðra af heildarfjölda sýna veturinn 2022–2023.

Skarlatssótt

Klínískum greiningum á [skarlatssótt](#) fer fækkandi en færri greindust í viku 10 samanborið við undanfarnar fjórar vikur. Fjöldi greininga er þó enn langt yfir meðaltali fyrri ára (Mynd 5).




Mynd 5. Vikulegar greiningar á skarlatssótt í ár og í fyrra samanborið við meðalfjölda greininga árin 2017-2021.

Í [samantekt fyrir viku 8](#) var fjallað ítarlega um streptókokka af grúppu A (GAS), sem meðal annars valda skarlatssótt.

Hálsbólga

Færri greindust með hálsbólgu í viku 10 en í viku 9. Fjöldi greininga hefur sveiflast talsvert undanfarnar vikur en er enn langt yfir meðaltali undangenginna ára (Mynd 6).




Mynd 6. Vikulegar greiningar á hálsbólgu í ár og í fyrra samanborið við meðalfjölda greininga árin 2017-2021.

RSV og aðrar öndunarferasýkingar

Í viku 10 greindust 44 með Rhinoveiru. Það eru talsvert fleiri en í viku 9 en þá var fjöldinn 27. Fjöldi greininga Adenóveiru var 18, sem er sambærilegt síðustu viku. Sex greindust með RS-veiru (RSV), sem er fækkun milli vikna. Þá greindust 13 með kórónuveirur aðrar en SARS-CoV-2, sem er einnig fækkun milli vikna. Frekari upplýsingar má nálgast á [vef sýkla- og veirufræðideildar Landspítala](#).

Innlagnir á Landspítala

Fjöldi innlagna á Landspítala með/vegna COVID-19 var 11 í viku 10, fleiri en verið hefur undanfarnar fjórar vikur. Fjöldi sem lagðist inn vegna RSV og influensu í viku 10 var sambærilegur og í viku 9 (Mynd 7).



Mynd 7. Vikulegur fjöldi innlagna á Landspítala veturinn 2022–2023 vegna COVID-19, influensu og RSV.

Samantekt

Tilfellum staðfestrar inflúensu fækkar milli vikna sem og klínískum greiningum á inflúensulíkum einkennum. Fjöldi staðfesta COVID-19 greininga í viku 10 var minni en hefur verið í allan vetur. Innlagnir á Landspítala með/vegna COVID-19 jukust hins vegar á milli vikna en fjöldi innlagna vegna RSV og inflúensu var svipaður og í viku 9. Klínískum greiningum á skarlatssótt fer fækkandi. Færri greindust með hálsbólgu í viku 10 samanborið við viku 9 en fjöldi greininga hefur sveiflast talsvert milli vikna. Fleiri greindust með Rhinoveiru í viku 10 samanborið við undanfarnar vikur.

Sóttvarnir

Full ástæða er til að sinna sóttvörnum til að draga úr líkum á að smitast og að smita aðra. Við minnum alla á að:

- Fylgja tilmælum um bólusetningu.
- Halda sig til hlés í veikindum.
- Forðast umgengni við ung börn og aðra viðkvæma ef með einkenni.
- Hylja nef og munn við hósta og hnerra.
- Sinna viðeigandi handþvotti.
- Nota grímu við ákveðnar aðstæður eins og á heilbrigðisstofnunum þ.m.t. biðstofum.
- Lofta út.
- Forðast fjölmenni og halda fjarlægð eins og hægt er.

